

**Sp.**

**265. Pingsályktun**

[20. mál]

um ár aldraðra.

(Afgreidd frá Sp. 18. des.)

Alþingi ályktar að tileinka árið 1982 málefnum aldraðra. Alþingi skal kjósa 7 manna nefnd til að vinna að framgangi þeirra og skal hún eiga samvinnu við stjórnskipaða nefnd, sem vinnur að lagasetningu um heilbrigðis- og vistunarþjónustu fyrir aldraða. Skulu þessir aðilar marka frambúðarstefnu í þessum málum og meta þá þörf, sem er á brýnum úrbótum í einstökum byggðarlögum eða fyrir landið í heild og að vinna að undirbúningi fjáröflunar og framkvæmda á þessu sviði. Sérstaklega skal lögð áhersla á samvinnu og þátttöku þeirra samtaka, sem láta sig mannúðar- og menningarmál varða.

Í samræmi við ályktun þessa skal hin þingkjörna nefnd í samráði við sveitarstjórnir og hagsmunaaðila koma á fót undirnefndum til starfa innan landshluta, kjördæma, heilsgæslusvæða eða einstakra sveitarfélaga.